

Umsögn

Tilvísun 2022-811 – 0.25



3. janúar 2022

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál.

Landgræðslunni barst þann 17. desember sl. rafpóstur frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Meðfylgjandi rafpóstinum var tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál. Óskað var umsagnar stofnunarinnar og til þess veittur frestur til 4. janúar. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga hljóðar svo:

„Alþingi ályktar, með vísan til 2. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, að styðja fyrirhugaða breytingu á fjölda og heitum ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands sem felur í sér að í stað atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis komi félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, innviðaráðuneyti, matvælaráðuneyti, menningar- og viðskiptaráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.“

Landgræðslan gerir hvorki athugasemdir við ný og breytt heiti ráðuneyta né heldur við þau verkefni sem færast þeirra á milli.

Stofnunin telur þó rétt að áréttu hér, m.a. í ljósi þess sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögu þessari, sem og með vísan til forsetaúrskurðar nr. 125/2021 (dags. 28. nóv. sl.) að ljóst þykir að þó að Landgræðslan flytjist nú úr ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála yfir í það ráðuneyti sem bera mun heitið matvælaráðuneyti þá munu ýmis verkefni áfram falla undir málefna svið eldra ráðuneytis.

Landgræðslunni var t.a.m. falið það hlutverk á síðasta kjörtímabili að halda utan um allan LULUCF (Land Use, Land-Use Change and Forestry) hlut loftslagsbókhaldsins og annast alla gagnaöflun og skráningu fyrir landflokka aðra en skógrækt, til viðbótar við aðrar almennar aðgerðir sem tengjast loftslagsmálum og landgræðslu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum þá munu málefni sem falla undir þessa málaflokka nú deilast á milli *matvælaráðuneytis* annars vegar og *umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis* hins vegar.

Mjög mikilvægt er að við það rask sem óhjákvæmilega fylgir uppstokkun sem þessari þá komi ekki upp neinn vafi um það hvar þessi eða hinn málaflokkurinn eigi heima eða verkefni þeim tengdum. Slíkt kæmi einungis niður á verkefnum og alþjóðlegum samningsskuldbindingum Íslands.

Virðingafyllst

f.h. Landgræðslunnar



Árni Bragason, landgræðslustjóri